



Kveðja frá forseta Íslands

Dansinn sameinar með einstæðum hætti list og hæfni, tækni og ögun, einbeitingu og mýkt. Tónlistin bregður töfraljóma á háttbundna hreyfingu og við hrífumst af framgöngu þeirra sem leikandi létt sýna erfið spor og flétta þau saman í heilsteyptan dans.

Við Íslendingar fögnum því að Norrænt mót og annað Alþjóðlegt eru nú haldin í landi okkar og unnendum dansíþróttarinnar gefst tækifæri til að kynnst fágaðri leikni þeirra sem hér mæta til leiks. Dansinn hefur á undanförnum árum notið vaxandi hylli hér á landi og við höfum stolt fylgst með árangri keppendanna sem héðan hafa farið. Nú fáum við tækifæri til að fagna góðum gestum sem komnir eru víða að og sjá skemmtilega keppni á heimavelli.

Ég óska þátttakendum á mótunum báðum allra heilla og veit að þessir keppnis dagar á Íslandi munu færa okkur ógleymanlega danshátíð.

(undirskrift)